

## Þingsköp Búgreinaþings

1. gr.

Formaður deildar setur Búgreinaþing og stýrir vali fundarstjóra og varafundarstjóra. Í forföllum fundarstjóra gengur varafundarstjóri að öllu leyti í hans stað, eftir hans ákvörðun. Fundarstjóri stýrir vali fundarritara og skrifara þingsins.

Að kosningu lokinni skulu formaður og tengiliður búgreinadeildar hjá BÍ flytja skýrslur sínar.

2. gr.

Kjósa skal þriggja manna kjörbréfanefnd sem starfar milli þinga, ef við á. Nefndin skal hafa farið yfir kjörbréf og lagt fram tillögur sínar áður en almennar umræður hefjast.

3. gr.

Stjórn deildar ákveður heiti starfsnefnda og fjölda þeirra á hverju Búgreinaþingi, raðar fulltrúum í nefndir og skipar formenn þeirra. Enginn fulltrúi má eiga sæti í fleiri en einni starfsnefnd. Í hverri nefnd skulu sitja að lágmarki þrjú þingfulltrúar.

Formaður deildar og fundarstjóri þingsins geta verið undanþegnir setu í starfsnefndum. Fulltrúar, sem óska eftir setu í einhverri sérstakri nefnd, komi þeim óskum á framfæri við stjórn deildar a.m.k. 10 virkum dögum fyrir Búgreinaþing.

Fulltrúar með kjörgengi og kosningarétt hafa rétt til þess að tjá sig um öll mál sem eru til meðferðar á þinginu. Stjórn deildar skal hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Í þingbyrjun skulu lögð fram þau mál sem borist hafa. Um frest til að skila málum fer skv. samþykktum Bændasamtaka Íslands. Í upphafi hvers þingfundar skal dagskrá fundarins liggja fyrir. Fundarstjóri getur tekið mál út af dagskrá og tekið ný mál á dagskrá ef svo ber undir.

5. gr.

Starfsnefnd lætur uppi álit sitt og leggur það fyrir meðal þingfulltrúa áður en málið er tekið til umræðu á þinginu. Nefndarálit skal undirritað af nefndarmönnum og tilgreint hver sé framsögumaður.

Nefnd getur lagt til, með rökstuðningi, að mál sem vísað er til hennar, verði tekin út af dagskrá þingsins og vísað til stjórnar deildar eða stjórnar Bændasamtaka Íslands. Um slíka tillögu fer atkvæðagreiðsla fram umræðulaust.

6. gr.

Fundarstjóri stýrir umræðum á þinginu og kosningum þeim er þar fara fram. Skal hann færa mælendaskrá og gefa og þeim öðrum er málfrelsi hafa, færi á að taka til máls í þeirri röð sem þeir beiðast þess. Þó má hann víkja frá þeirri reglu er sérstaklega stendur á. Nú vill fundarstjóri taka þátt í umræðum frekar en fundarstjórnarstaða hans krefur, víkur hann þá úr fundarstjórastól, en varafundarstjóri tekur við fundarstjórn á meðan. Fundarstjóra er heimilt að takmarka ræðutíma fulltrúa.

7. gr.

Málum, sem lögð eru fram á þinginu, skal vísað til nefndar umræðulaust. Fundarstjóra er heimilt að leyfa flutningsmanni að reifa málið með stuttri ræðu. Fundarstjóri hefur rétt til að vísa málum aftur til starfsnefndar til frekari úrvinnslu.

Heimilt er að hafa Búgreinaping lokað um einstök mál eða að öllu leyti. Slíkt skal á valdi þingsins hverju sinni.

Komi fram fyrirspurnir til stjórnar deildar utan dagskrár má fundarstjóri ákveða eina umræðu um þær. Sá, sem fyrirspurninni er beint til, hefur sama rétt til ræðutíma og framsögumenn starfsnefnda.

8. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum.

Enga ályktun má gera nema minnst 2/3 fundarmanna séu á fundi.

9. gr.

Að lokinni afgreiðslu mála skulu kjörnir fimm fulltrúar í stjórn deildar, fjórir menn og formaður. Formaður tekur jafnframt sæti í Búgreinaráði Bændasamtaka Íslands.

Formaður deildar er sjálfkjörinn fulltrúi deildarinnar á Búnaðarþing. Aðrir Búnaðarþingsfulltrúar skulu kjörnir skv. 3. mgr. 10. gr.

10. gr.

Fundarstjóri stýrir atkvæðagreiðslu og skrifarar dreifa atkvæðaseðlum og aðstoða við talningu atkvæða.

Atkvæðagreiðsla um ályktanir fer að jafnaði fram með handaruppréttingu. Heimilt er að viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu um einstök mál ef sérstakar aðstæður kalla á slíkt. Fundarstjóra er heimilt að endurtaka atkvæðagreiðslu með nafnakalli ef hann telur þess þörf.

Kjör stjórnar deildar og Búnaðarþingsfulltrúa skal fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn í kosningu skal hún endurtekin. Séu atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða.

Fundargerðir skulu frágengnar svo fljótt sem verða má. Þær skulu bornar upp og samþykktar og síðan undirritaðar af fundarstjóra. Jafnframt er fundarstjóra heimilt að leita samþykkis á því að fundargerð sé send þingfulltrúum til staðfestingar.

11. gr.

Á aðal- og aukaþingum gilda almenn fundarsköp að því leiti sem reglur þessar taka ekki til.

Staðfest á Búnaðarþingi dags.